

svarsmenn vinnuveitenda, og því ber að hafna viðurkenningu á rétti þeirra til að vinna í verkfalli. Á hinn bóginn ber verkfræðingi, sem sæti á í fulltrúaráði Félags ráðgjafarverkfræðinga af hálfu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f, réttur til að vinna þrátt fyrir verkfall.

Að öðru leyti er ég samþykkur forsendum og niðurstöðu meiri hluta dómenda.

---

Föstudaginn 18. september 1987.

Nr. 6/1987.

**Vinnuveitendasamband Íslands  
f.h. Mjólkurbús Flóamanna**

(Kristján Þorbergsson cand.jur.)  
gegn

**Alþýðusambandi Íslands  
f.h. Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs**

(Gunnar Sæmundsson hrl.).

Kjarasamningur. Uppsögn. Sératkvæði.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 15. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 7. september 1987.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, Reykjavík, vegna Mjólkurbús Flóamanna, Austurvegi 65, Selfossi.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, Reykjavík, f.h. Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að uppsögn Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs á kjarasamningi félagsins, dags. 28. ágúst 1987, verði dæmd ólögmet og gildislaus.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að kjarasamningur Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs og Vinnuveitendasambands Íslands sé

bundinn gildistíma til 31. desember 1987, en falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Stefnandi krefst og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

#### I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í gildandi kjarasamningi ASÍ og VSÍ frá 6. desember 1986 sé í 4. gr. svohljóðandi ákvæði um gerð fastlaunasamninga á samningstímabilinu:

„Á samningstímabilinu skulu samningsaðilar gera nýja fastlaunasamninga með þeim hætti og í þeim starfsgreinum, sem að neðan greinir:

Fastlaunasamningar þessir skulu taka gildi eftir því, sem um semst, á tímabilinu frá 1. mars 1987 til 1. september 1987. Hafi fastlaunasamningur ekki verið gerður fyrir 1. sept. 1987 í samræmi við samningsákvæði þar um, er aðilum heimilt að segja samningi upp með tveggja vikna fyrirvara, þannig, að hann verði laus 15. sept., að því er tekur til starfsmanna í þeirri starfsgrein, sem gera skyldi fastlaunasamning um.

Við gerð umræddra fastlaunasamninga skal miða við eftirfarandi forsendur:

1. Að fastlaunakerfi nýs samnings verði í sem bestu samræmi við launakerfi fyrirtækja í hlutaðeigandi starfsgrein og að gerð fastlaunasamninga þessara miðist við skráningu kauptaxta, sem best samræmist greiddu kaupum í starfsgreininni, en leiði ekki sjálfkrafa til hækkunar á greiddu kaupum.
2. Að leitast verði við að auka hagræðingu og framleiðni svo að vinnan nýtist sem best og skili sem mestum verðmætum til hagsbóta fyrir alla samningsaðila.
3. Að launamunur m.t.t. starfsreynslu, menntunar og hæfni taki mið af raunverulegum aðstæðum í hverju tilviki.
4. Að samningsbundin launakerfi miðist sem mest við, að laun séu greidd fyrir raunverulega unninn tíma, án þess að gengið sé á hefðbundinn hvíldartíma.

Á grundvelli ofangreindra forsendna og annarra, sem um kann að semjast, skulu gerðir eftirtaldir fastlaunasamningar við þá samn-

ingsaðila, sem tilgreindir eru vegna félagsmanna aðildarféлага þeirra í tilgreindum starfsgreinum:

1. *Verkamannasamband Íslands.*

Sérþjálfaðir byggingaverkamenn.

Bifreiðastjórar og stjórnendur þungavinnuvéla.

Matráðskonur og starfsfólk í mötuneytum.

2. *Málm- og skipasmíðasamband Íslands.*

VSÍ, SMS og MSÍ munu á samningstímanum greiða götu þess, að fyrirtækjasamningar geti tekist í einstökum fyrirtækjum í skipasmíðagreininni.

MSÍ og SMS munu í sameiningu stuðla að bættum kjararannsóknnum í málmíðnaði og í því skyni skipa einn mann hvort til samstarfs við Kjararannsóknarnefnd um bætt skil á launaupplýsingum til nefndarinnar. Þessir trúnaðarmenn samtakanna eru bundnir þagnarheiti gagnvart upplýsingum um einstaklinga og fyrirtæki, sem þeir fara höndum um í starfi sínu í þágu nefndarinnar. Nefndarmennirnir skulu enn fremur fylgjast með stærð úrtaksins og vinna að því með Kjararannsóknarnefnd, að úrtakið gefi sem gleggstar upplýsingar um laun og launadreifingu í mismunandi störfum og starfsgreinum.

3. *Landssamband íslenskra verslunarmanna.*

Sérstakt samkomulag um útfærslu á 4. grein aðalkjarasamninga. Aðilar eru sammála um að útfæra fastlaunasamninga sem sér-samninga og að eftirtalin svið hafi forgang:

1. Afgreiðslustörf.

2. Störf í lyfjavöruverslunum.

3. Almenn skrifstofustörf.

4. Störf í ferðaþjónustu.

Aðilar eru sammála um að setja á laggirnar nefnd, skipaða xx fulltrúum hvors aðila, sem vinni sameiginlega úr launaupplýsingum Kjararannsóknarnefndar. Nefndin skal hefja störf þegar í ársbyrjun 1987.

Aðilar skulu síðan með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar semja um lágmarkslaun fyrir hvern ofangreindra starfshópa, og þau skulu taka umsömdum launabreytingum samkvæmt aðalkjarasamningi á hverju samningstímabili. Lágmarkslaun merkja ekki í þessu sambandi lægstu laun í hverjum hópi, heldur þau, sem um er samið.

Lágmarkslaun ofangreindra hópa skal síðan endurskoða við lok hvers samningstímabils eða oftar, ef um semst, og skal sú endurskoðun taka mið af raunverulegri launaþróun.

4. *Landssamband iðnverkafólks.*

1. Matvæla- og hreinlætisvöruiðnaður.
2. Umbúðaiðnaður.
3. Kemískur iðnaður.
4. Vefjariðnaður.“

Stefnandi tjáir, að deilur hafi nú risið með Bifreiðastjórufélaginu Ökupór og Vinnuveitendasambandi Íslands um skilning á ákvæði þessu, en bifreiðastjórufélagið, sem sé beinn aðili að Alþýðusambandi Íslands, þ.e. ekki í neinu af landssamböndum þess, hafi fyrir sitt leyti samþykkt samninginn frá 6. desember 1986 á félagsfundi þann 17. sama mánaðar.

Með bréfi, dags. 28. ágúst 1987, hafi Vinnuveitendasambandi Íslands borist tilkynning félagsins og tveggja annarra félaga á Suðurlandi um uppsögn gildandi kjarasamnings frá og með 15. september nk., og hafi í uppsagnarbréfinu verið vísað í 4. gr. samningsins frá 6. desember 1986 henni til stuðnings. Jafnframt muni félögin hafa vísað málum sínum til meðferðar ríkissáttasemjarambættisins.

Með símskeytum þann 31. ágúst sl. hafi Vinnuveitendasamband Íslands mótmælt gildi uppsagnanna og áréttað það sjónarmið, að það teldi kjarasamninga félaganna bundna til 31. desember 1987, þar eð uppsagnarheimildir skorti. Jafnframt hafi ríkissáttasemjara, Alþýðusambandi Íslands og Verkamannasambandinu verið tjáð þessi afstaða. Ríkissáttasemjara hafi einnig verið tjáð, að stefnandi myndi bera gildi uppsagnarinnar af hálfu Bifreiðastjórufélagsins Ökupórs undir úrlausn Félagsdóms, og myndi ætlun hans vera að funda ekki í deilunni, fyrr en niðurstaða réttarins liggja fyrir.

Stefnandi tjáir, að nokkuð hafi verið unnið að gerð fastlaunasamnings við Verkamannasamband Íslands um störf bifreiðastjóra og stjórnenda vinnuvéla sl. vikur, en ekki hafi tekist að ljúka gerð þeirra fyrir það tímamark, er í 4. gr. samningsins frá 6. desember 1986 greini. Engin uppsögn á kjarasamningum hafi hins vegar borist frá Verkamannasambandinu. Það hafi m.ö.o. ekki nýtt sér heimildir til lausnar kjarasamningum þann 15. september 1987.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfurgerð sína á því, að í kjarasamningi aðila sé ekki að finna uppsagnarheimild til handa Bifreiðastjórafélaginu Ökuþór og það sé því eigi á þess færi að segja upp kjarasamningi, þannig, að hann verði laus þann 15. september 1987.

Ákvæði 4. gr. samnings ASÍ og VSÍ frá 6. desember 1986 kveði á um gerð fastlaunasamninga við fjögur tiltekin landssambönd innan ASÍ, þ.e. Verkamannasamband Íslands, Málm- og skipasmíðasamband Íslands, Landssamband íslenskra verslunarmanna og Landssamband iðnverkafólks. Aðrir aðilar en greind landssambönd geti því eigi byggt rétt á ákvæðum 4. gr. Allar þær heimildir, aðildir og réttindi, sem í 4. gr. felist, séu því í höndum þessara landssambanda. Þetta komi skýrt fram í 4. mgr. greinarinnar, þar sem segi:

„Á grundvelli ofangreindra forsendna og annarra, sem um kann að semjast, skulu gerðir eftirtaldir fastlaunasamningar við þá samningsaðila, sem tilgreindir eru vegna félagsmanna aðildarfélaga þeirra í tilgreindum starfsgreinum.“

Stefnandi telur, að með samþykki samningsins á sínum tíma hafi því af hálfu hlutaðeigandi stéttarfélags falist umboðsgjöf til þess landssambands, sem það eigi aðild að, til gerðar fastlaunasamnings á þeim samningssviðum, sem upp eru talin, og jafnframt til nýtingar annarra heimilda skv. ákvæðum 4. gr. Þær séu þar með í höndum landssambandanna einna, eins og fram komi í 4. mgr.

Stefnandi kveður ekkert þeirra hafa nýtt sér uppsagnarheimildina til að segja samningum lausum frá 15. september 1987. Þar með sé gildistími samninga bundinn til 31. desember 1987, en þá falli þeir úr gildi án sérstakrar uppsagnar, sbr. 1. gr. samningsins.

Þar sem allar þær aðildir að réttindum, sem í 4. gr. felist, séu bundnar þessum fjórum landssamböndum, telur stefnandi það ekki fá staðist, þegar aðili, sem jafnvel á ekki aðild að neinu þessara fjögurra landssambanda, vill byggja rétt á ákvæðum 4. gr. samningsins frá 6. desember 1986. Enn fremur telur hann augljóst, að ákvæði greinarinnar taki ekki til neins af þeim félögum, sem séu með beina aðild að Alþýðusambandi Íslands.

Stefnandi bendir á, að meginstefna kjarasamningsins frá 6. desember 1986 hafi verið að framlengja samninga út árið 1997 og

að sérstakar undantekningar frá þessari meginstefndu hafi verið gerðar í samningnum. Þess vegna sé tæmandi talning á aðild í 4. gr. samningsins, þ.e. á þeim, sem geta byggt rétt á henni. Af þeim sökum hafi þurft sérstakt samkomulag milli Vinnuveitendasambands Íslands og Sambands veitinga- og gistihúsa annars vegar og Félags starfsfólks í veitingahúsum, ASV, AN, ASA, ASS vegna starfsfólks í veitinga- og gistihúsum hins vegar, strax sama dag, þ.e. 6. desember 1986, til þess að þeir síðarnefndu gætu öðlast sama rétt og 4. gr. kjarasamningsins veitir, einfaldlega vegna þess að þeir hafi ekki verið taldir upp í 4. gr. sérstaklega og það hafi uppgötvast of seint.

Stefnandi vísar í dóm Félagsdóms 19. september 1985 í máli VSÍ f.h. Íslenska álfélagsins h/f gegn ASÍ f.h. Félags matreiðslumanna. Þar sé um sambærilegt tilvik að ræða, og í niðurstöðu dómsins komi fram sams konar rök og hann haldi fram í máli þessu.

## II.

Stefndi styður sýknukröfu sína með því að benda á, að í títtnefndri 4. gr. kjarasamningsins sé að finna ákvæði um skyldu samningsaðila til að gera nýja fastlaunasamninga fyrir tiltekna starfsgreinar, þar á meðal bifreiðastjóra, en félagsmenn stefnda tilheyri einmitt þeirri starfsstétt. Einmitt vegna þessa hafi þurft sérstakt samkomulag við starfsfólk í veitingahúsum, þar sem sú starfsgrein hafi ekki verið með í samningnum.

Eins og fram komi í stefnu, hafi nokkuð verið unnið að gerð fastlaunasamnings um störf bifreiðastjóra og stjórnenda vinnuvéla í ágústmánuði sl. Fulltrúar frá stefnda hafi tekið þátt í viðræðum, sem fram fóru af því tilefni ásamt fulltrúa Verkamannasambands Íslands og fulltrúum frá aðildarfélögum þess, enda hafi stefndi ekki falið Verkamannasambandinu umboð til slíkrar samningsgerðar. Ekki tókst að ljúka samningsgerð fyrir 1. september sl. Er ljóst þótti, að svo mundi fara, sagði stefndi upp gildandi kjarasamningi aðila frá og með 15. þ.m. skv. heimildinni í 2. mgr. 4. gr. samningsins.

Málsástæður stefnda eru þær, að hann sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938, og sem slíkur sé hann lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félaga sinna. Hann segi því upp samningum, þegar þess er þörf og það heimilt, enda hafi hann ekki afsalað sér þeim rétti til annars aðila. Uppsógnin sé byggð á heimild í 2. mgr. 4.

gr. kjarasamningsins. Þar sé aðilum samningsins heimilað að segja honum upp, hafi fastlaunasamningur ekki verið gerður fyrir 1. september í samræmi við samningsákvæði þar um. Uppsögnin fullnægi formskilyrðum laga og hafi borist stefnanda nægilega tímanlega. Stefndi ítrekar, að það sé hann, sem lögum samkvæmt sé samningsaðili um kaup og kjör félaga sinna, jafnt við gerð fastlaunasamninga skv. 1. mgr. 4. gr. samningsins sem aðra kjarasamningagerð, og jafnframt réttur aðili til að nota uppsagnarheimild 2. mgr. sömu greinar fyrir þeirra hönd. Þar breyti engu gagnvart honum, þótt síðar í greininni sé talað um, að fastlaunasamningur skuli gerður við Verkamannasamband Íslands vegna bifreiðastjóra, sem séu félagsmenn í aðildarfélögum þess. Þar sé verið að ræða um annan hóp manna en félagsmenn stefnda.

Stefndi tekur fram, að vegna meginreglu 5. gr. laga nr. 80/1938 hefði þurft að taka fram berum orðum í 1. mgr. 4. gr., ef undanskilja hafi átt einhverja af samningsaðilum.

### III.

Í 1. gr. hins umdeilda kjarasamnings frá 6. desember 1986, sem Bifreiðastjórafélagið Ökuþór er aðili að, kemur skilmerkilega fram, að allir kjarasamningar samningsaðila framlengist til 31. desember 1987 með þeim breytingum, sem í samningi þessum felast, og falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Í 4. gr. samningsins er kveðið á um gerð nýrra fastlaunasamninga samningsaðila „með þeim hætti og í þeim starfsgreinum, sem að neðan greinir“. Síðar í 4. gr. er kveðið á um, að á grundvelli tiltekinnna forsendna skuli gerðir „eftirtaldir fastlaunasamningar við þá samningsaðila, sem tilgreindir eru, vegna félagsmanna aðildarfélaga þeirra í tilgreindum starfsgreinum“. Því næst eru tilgreind fjögur landssambönd innan ASÍ, þ.e. Verkamannasamband Íslands, Málm- og skipasmiðasamband Íslands, Landssamband íslenskra verslunarmanna og Landssamband iðnverkafólks.

Þegar kjarasamningur þessi er lesinn í heild, kemur í ljós, að í 4. gr. felst undantekning frá þeirri meginreglu hans, að hann skuli gilda án uppsagnar til 31. desember 1987, og verður að líta svo á, að í 4. gr. séu tæmandi taldir þeir samningsaðilar, sem geta beitt uppsagnarheimild þeirri, sem í 2. mgr. 4. gr. felst. Þegar af þeirri ástæðu ber að líta svo á, að uppsögn Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs, dags. 28. ágúst 1987, sé ólögmæt og gildislaus og að kjarasamningurinn sé gildur.

samningur félagsins og Vinnuveitendasambands Íslands sé bundinn gildistíma til 31. desember 1987, en falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

#### D ó m s o r ð:

Uppsögn Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs á kjarasamningi félagsins, dagsettum 28. ágúst 1987, er ólögmæt og gildislaus.

Kjarasamningur Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs og Vinnuveitendasambands Íslands er bundinn gildistíma til 31. desember 1987, en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Málskostnaður fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i

##### Jóns Þorsteinssonar.

Kjarasamningur frá 6. desember 1986 er, sbr. 10. gr. hans, samningur milli samtaka vinnuveitenda annars vegar og hins vegar þeirra verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, sem hafa samþykkt hann, og skiptir þá ekki máli, hvort verkalýðsfélög þessi eru innan eða utan svonefndra landssambanda. Meðal þeirra verkalýðsfélaga, er samþykktu kjarasamninginn, var hið stefnda Bifreiðastjórafélag Ökuþór, en það stendur utan Verkamannasambands Íslands.

Ljóst er, að ákvæði kjarasamningsins um réttinn til að leita eftir fastlaunasamningum fyrir tiltekna starfsstéttir að viðlagðri uppsögn eru mjög mikilvæg fyrir alla þá, sem þar eiga hlut að máli.

Um gerð fastlaunasamninga er fjallað í 4. gr. kjarasamningsins. Efnislega má skipta ákvæðum fjórðu greinar í eftirfarandi þætti:

- a. Almenn fyrirmæli um, að samningsaðilar geri fastlaunasamninga í tilteknum starfsgreinum.
- b. Ákvæði um uppsagnarheimild fyrir væntanlegar fastlaunastéttir, ef fastlaunasamningar hafa ekki tekist fyrir 1. september 1987.
- c. Forsendur fastlaunasamninga.
- d. Fyrirmæli um, að landssamböndin geri fastlaunasamninga fyrir aðildarfélög þeirra.
- e. Tilgreiningu á fjórum landssamböndum ásamt upptalningu á

þeim starfsstéttum, er undir þessi sambönd heyra og njóta eiga fastlaunasamninga.

Í 4. gr. kjarasamningsins segir hins vegar ekkert um það, hverjir skuli gera fastlaunasamning fyrir þau verkalýðsfélög, sem eru utan landssambanda, en hafa viðkomandi starfsstéttir innan sinna vébanda. Það liggur í augum uppi, að þetta eiga félögin sjálf að gera. Þar er ekki öðrum aðila til að dreifa.

Stefnandi þessa máls, Vinnuveitendasamband Íslands, heldur því fram, að samningsaðili utan landssambandanna fjögurra, svo sem Bifreiðastjórafélagið Ökuþór, eigi ekki rétt til fastlaunasamnings samkvæmt 4. gr. Á þetta sjónarmið er ekki unnt að fallast. Upphafsaðili 4. gr. verða ekki skilin öðruvísi en svo, að þar sé átt við alla þá aðila kjarasamningsins, er semja fyrir viðkomandi starfsgreinar. Reglur greinarinnar um forsendur fastlaunasamninga eiga jafnt við um verkalýðsfélög utan landssambanda sem innan, og fyrir mælin um, að landssamböndin semji vegna aðildarfélaga sinna, geta ekki með hliðsjón af framangreindu skoðast sem útilokun annarra samningsaðila frá gerð fastlaunasamnings.

Sú spurning hlýtur að vakna, hvaða málefnaleg rök hnígi að því, að bifreiðastjórar innan Verkamannasambandsins eigi rétt á fastlaunasamningi, en ekki stéttarbræður þeirra innan Ökuþórs. Við þessari spurningu gefur stefnandi þessa máls ekki neitt viðhlítandi svar. Kjarasamningurinn frá 6. desember 1986 skoðaður í heild heimilar ekki heldur slíkan mismun.

Það, sem hér er að framan rakið, leiðir til þeirrar niðurstöðu minnar, að uppsögn Bifreiðastjórafélagsins Ökuþórs frá 28. ágúst 1987 á kjarasamningnum við Vinnuveitendasamband Íslands sé gild og að sýkna beri félagið af öllum dómkröfum á hendur því.